

Hvernig er netnámið hjá The Tin Can Factory – Dósaverksmiðjunni?

Hjá The Tin Can Factory er boðið upp á netnám á fjórum grunnstigum, stig 1, 2, 3 og 4. Að auki er boðið upp á framhaldsnámskeið sem kallast Umhverfis Ísland 1 og 2.

Nemendur fá lykilorð að netskóla The Tin Can Factory. Netskólinn er lokaður vettvangur þar sem fólk fær verkefni vikunnar og þau verkefni eru grunnur að taltímum með kennara og öðrum nemendum á sama námskeiði.

Nemendur hafa yfirlit yfir verkefni sem þau hafa unnið og verkefni sem þau eiga eftir að gera. Kennari hefur einnig yfirsýn yfir alla vinnu nemenda, ástundun og árangur. Með því móti er hægt að vinna með einstaklingsbundin verkefni ef þarf og styðja hvern nemanda á betri hátt.

Frammistaða nemenda á námskeiðinu

Ástundun og árangur


Nafn nemanda – hvaða verkefni

Heiti	Tegund	Stjórnur	Einkunn	Skráð dags
Dagurinn hjá Lárusi	Verkefni	0	0	18.8.2021
Áhugamálin þín	Verkefni	0	0	19.8.2021
Beygingar - landaheiti	Verkefni	0	0	19.8.2021
60 Jón: Hver er þetta? - orðaforði	Stafarugl	20	8,0	15.8.2021
01 No.+ litir	Eyðufyllingaræfing		10	29.3.2021
001 að spyrja	Eyðufyllingaræfing		8,5	31.3.2021
00 No.+ þf.	Eyðufyllingaræfing	6	8,5	7.4.2021
21 Diktat no. + litir + þf.	Eyðufyllingaræfing	10	8,5	8.4.2021
04 Spurningar - ýmislegt	Eyðufyllingaræfing	6	8,5	15.4.2021
01 Spurningar - Jón	Eyðufyllingaræfing	6	10	15.8.2021

◀ 1 2 3 4 5 ▶▶

Page size: 10 ▼


42 items in 5 pages



Netskóli The Tin Can Factory er aðgengilegur bæði í tölvu og í síma svo nemendur geta unnið verkefni án þess að vera alltaf fyrir framan tölvu heima.

Hvernig verkefni eru í netskóla The Tin Can Factory?

Verkefnin eru fjölbreytt og allt nám byggir á því að nemendur lesa, hlusta, skrifa, vinna málfræðiæfingar og mæta í taltíma. Nemendur sjá strax hvort verkefni hafa verið unnin rétt en geta gert þau eins oft og þau vilja.

Í dag er ..  .. árið ...

Ég er á Íslandi.

Hvar býrð þú? Ég bý ...

☐ Í dag var mikið að gera.
☐ Í dag var ekki mikið að gera.

Í dag var ég að ...
Fyrst var ég að ...
Svo var ég að ...

Ég er búin/n að skrifa í dagbókina mína.

© The Tin Can Factory N-5

Munið:

Ég bý
í Reykjavík
í Garðabæ
í Kópavogi
í Hafnarfirði
í Mosfellsbæ
á Seltjarnarnesi

- að læra íslensku í
Dósaverksmiðjunni

að fara heim
í vinnuna
í skólann
í bæinn
Góða nótt!

Í dag er föstudagur

Design HTML

⚠ Mundu að geyma svarið þitt á nokkurra mínútna fresti

Geyma Geyma og skila til kennara




**Ritunarverkefni eru
fastur þáttur í náminu.
T.d. að skrifa dagbók.**

Hverri dagbók fylgja grunnleiðbeiningar, eitthvað sem á að æfa og svo er einnig byggt á frjálsum skrifum nemenda þar sem þau geta ákveðið sjálf hvaða orðaforða þau vilja æfa.

Nemendur skrifa dagbók á sínum hraða og geta geymt verkefnið, en þegar það er tilbúið senda þau kennara það til yfirlestrar. Kennari les yfir, leiðréttir og bendir á það sem betur mætti fara og sendir nemanda til baka. Nemandi leiðréttir og sendir aftur. Ef allt er rétt fær nemandi einkunn og verkefninu er lokið.

Mikilvægt er að muna að vista reglulega á meðan er verið að skrifa.

☰ ▼ [Að versla á Vestfjörðum](#)

▶ 0:00 / 0:29   


Galdrasýning á Ströndum

Fyrst ætlum við að gefa ykkur
nábrókarstaf.

Sá sem á nábrókarstaf á alltaf peninga!

Búðin – kaupa, kaupa, kaupa!

Skrifið hvað þið völduð ykkur í
sagnbúðinni.



001 Hvað sérðu?

40 ★




Hvað sérðu hægra megin við ömmu?

Skrifið a.m.k. 10 atriði. (write at least 10 things or perso

Munið! Það sem þið sjáið er í þolfalli.

þarna **er** mamma. (nefnifall)

Ég **sé** mömmu. (polfall)



Ritunarverkefni eru fjölbreytt og þýngd þeirra tekur mið af því stigi sem nemendur eru á.

≡ ▼ Galdrastafir

▶ 0:00 / 1:17




Galdrastafir

Ægishjálmur er varnarstafur gegn illum vættum, óvinum og yfiringangi og reiði höfðingja.

Erfitt er að fullyrða nokkuð um hvaða fræði liggja að baki galdrastöfum. Sumir virðast eiga rætur að rekja til dulspeki miðalda og fornfræði endurreisnarmanna, en aðrir bera með sér tengsl við ásatru og heiðna rúnmenningu. Marga galdra sem bar á góma við réttarhöld á sautjándu öld er að finna í galdrabókum sem eru geymdar á handritasöfnum. Tilgangurinn með galdrastöfum getur sagt nokkuð til um amstur, áhyggjur og erfiði alþýðufólks.

Farið á síðu [Galdrasýningar](#) í Hólmavík.

Hér er hægt að sjá hvað **galdrastaf** innir heita og til hvers þeir eru. Skoðið þetta, veljið einn galdrastaf (gúgglið hann) og segið frá honum.





Upplesin stafsetningaræfing

≡ ▾ Njáls saga - Hallgerður langbrók

Hlustið og skrifið. Ekki skrifa "punktur" og "komma".

Hlustaðu á textann sem er lesinn upp og skrifaðu hann eins rétt og þú getur í reitinn hér fyrir neðan. Smelltu á svo á Yfirfara til að fara yfir.

▶ 0:00 / 2:46  

< Til baka

Yfirfara

Áfram >

Hlustun: Á námsvefnum eru einnig fjölbreytt hlustunarverkefni.

Hér eru dæmi um þrjár tegundir hlustunarverkefna; að skrifa eitt og eitt orð en einnig skrifa setningar og enn fremur þar sem fólk hlustar og raðar setningum í tímalínu.

Hver er að gera hvað?

Þú ert að hlusta og svo skrifa sögnina rétt. **Í nútíð!**

Hér er meira um reglu 1.

aldrei - sjaldan - stundum - oft - alltaf

- ▶ Ég ...oft við mömmu mína.
- ▶ Þau stundum borðspil á fimmtudögum.
- ▶ Hún aldrei upp eftir matinn!
- ▶ Við sjaldan en okkur langar að læra það.
- ▶ Þeir stundum saman eftir skóla.
- ▶ Þið alltaf upp. Þið eruð svo dugleg!
- ▶ Þú dagbók á hverjum degi.
- ▶ Hún oft bók með pabba sínum.

Við erum að skoða nafnorð,

hann - hún - það. Skoða hér.

Við erum að æfa **liti**. Við erum líka að æfa **þolfall**.



Hlustaðu og skrifaðu rétt orð.

- ▶ Þetta er . Hann er blár. Ég sé skáp.
- ▶ Þetta er hilla. . Ég sé hillu.
- ▶ . Það er grátt. Ég sé útvarp.
- ▶ Þetta er bolli. . Ég sé bolla.



Diktat fjögur

▶ 0:00 / 0:22 — 🔊 ⋮

Hlusta og raða í rétta tímaröð.

Raðaðu atriðunum í rétta röð með því að draga línurnar upp eða niður með músinni

1.
2.
3.
4.

Yfirlara

Sýna rétta röð

Orðaforði og málfræði

12 ★

Skrifaðu "hann" eða "hún"



1. heitir Rósa.
2. heitir Jakob.
3. heitir Gígja.
4. Heitir Gunnar.
- 5 heitir Lína.
6. heitir Gísli.

Orðaforðaæfingar eru fjölbreyttar og einnig eru orðaforðaæfingar þar sem málfræði er líka hluti námsins.

5 ★

Að horfa, lesa og velja rétt svar.
Athugið, það er meira en eitt rétt svar.
(Att. more than one correct answer)



Hvað er þetta?

- ☐ tölva
- ☐ flaska
- ☐ hægindastóll
- ☐ teppi

Yfirfara

Næsta spurning

Spurning 1 af 5.



02. Síðdegi - orðaforði

Skrifið rétt orð í eyðuna.

Öll orðin eru úr Síðdegisverkefnunum.

Þegar ég er að ná í eitthvað er ég að:

- ☐ fá
- ☐ senda
- ☐ nota
- ☐ sækja

Yfirfara

Næsta spurning

Spurning 1 af 8.

5 ★



Sl: Að heilsa og kveðja. (stafarugl)

10 ★

Búðu til orð úr stöfunum.

Make word(s) from the letters.

NÐAGÓ IANDGN

góðan daginn

5 ★

Fyrri þraut

Yfirfara

Næsta þraut

Þraut 1 af 10



6. Hvað er fólkið að gera?

Merkið við rétt svar.



- ☐ Þau eru að keyra.
- ☐ Þau eru að syngja.
- ☐ Þau eru að elda.
- ☐ Þau eru að hjóla.

Yfirfara

Næsta spurning

Spurning 1 af 10.

5 ★



Hvaða matur er þetta? - 002

20 ★

Veldu rétt svar.

Hvað er þetta? þetta er...



- ☐ Drykkur
- ☐ Mjólkurvara
- ☐ Kjöt og fiskur
- ☐ Annað

Yfirfara

Næsta spurning


Spurning 1 af 12.

5 ★



Myndband 5 með verkefni

Hlusta og velja rétt svar. / Listen and select the right answer.



- Númer 1.
- Númer 2.
- Númer 3.
- Númer 4.
- Númer 5.
- Númer 6.
- Númer 7.

Kennslumyndbönd

Þar sem hægt er að horfa og hlusta
eða hlusta og gera verkefni.



Myndband 6



0:00 / 1:32



alltaf
oft
stundum
sjaldan
aldrei

Orðabók:
ræstitæknir cleaning
technician
elskar: (elska): love
slappa af: relax
köku: (kaka): cake
vinkonu: (vinkona):
female friend
sína her
vinkonu sína =
her friend (a woman)

Hver er þetta?
Þetta er Sigga.
Hún er ræstitæknir.
Hún er heima núna.
Hún elskar blóm!

Í dag er sunnudagur.
Hún ætlar að slappa af í
dag.
Hún er búin að taka til,
ryksuga og skúra.


Hana langar í kakó og köku.
Hún ætlar að fá sér kakó og
köku.
Hana langar sjaldan í kakó.
Hana langar oft í köku!



Sigga er að hugsa um
að fara í sund.
Hún fer mjög oft í sund.



4. Hvað ætlar Sigga að gera í kvöld?
5. Ætlar Sigga að hringja í vinkonu sína?
6. Spilar Sigga á gítar?
7. Elskar Sigga brauð eða blóm?
8. Langar Siggu í kaffi í dag?
9. Ætlar Sigga að borða köku í dag?
10. Langar Siggu í bió í kvöld?



Tungumál, menning, saga og skemmtun.

Lestrarverkefni eru fjölbreytt og þeim fylgir
alltaf hljóðefni svo nemendur geta alltaf
hlustað líka.

Öllu lestrarefni fylgja fjölbreytt verkefni. T.d.
vallistaverkefni, röðun, spurningar eða önnur
ritun.

Rauðhöfði

0:00 / 6:05

Af hverju heitir Hvalfjörður þessu nafni, af hverju heitir
fossinn í botni Hvalfjarðar Glymur og af hverju er
Hvalvatn og hvalbein þar hjá en samt langt frá sjó
Öllum þessum spurningum er svarað í einni þjóðsögu!
Góða skemmtun.




Rauð höfði

Einu sinni fóru nokkrir menn af Suðurnesjum út í
Geirfuglasker til að fanga geirfugl. Þegar halda skyldi
til lands, vantaði einn maðinn og fannst hann ekki.
Fóru þá hinir án hans til síns heima og var maðurinn
talinn af. En ári seinna fóru sömu menn aftur í skerjó
og fundu þá manninn heilan. Þetta er sögn um Rauðhöfði.
Álfar þáttur

VERKEFNI

Búið til 5 spurningar úr þjóðsögunni.
Þegar þið eruð öll/flest búin að gera spurningarnar
verði þær efni í taltíma hjá ykkur.
Látið reyna á hugarflugið svo spurningarnar verði ekki
allar eins.





Lagarfljótsormurinn

Hér er sagan um orminn í Lagarfljóti (eftir lðunni Steinsdóttur og Búa Kristjánsson). Hér er myndband þar sem sagan er lesin upp og leikin af börnum. Þið getið horft á eða hlustað á söguna á meðan þið lesið. <http://www.youtube.com/watch?v=PjrjVOs4Js>



Einu sinni endur fyrir löngu var ung stúlka. Móðir hennar gaf henni hring úr gulli.

Stúlkan varð afar glöð. Hringur úr gulli var mikil gersemi. „Hvernig hef ég mest gagn af gullinu“? Spurði hún.

„Leggðu það undir lyngorm“, svaraði móðir hennar. Stúlkan setti hringinn í litla öskju. Og fór með hana út í móa.

Lyngið var gult og rautt af því að nú var komið haust. Brátt fann stúlkan orm sem hún lagði ofan á hringinn.

Eftir nokkra daga gægdist hún í öskjuna. Þá brá henni í brún. Ormurinn var orðinn stór og þrútin og askjan alveg að springa. Stúlkan varð hrædd. Hún tók öskjuna og kastaði henni í fljótið. Þetta fljót heitir Lagarfljót. Það er austur á landi. Nú liðu mörg ár. Þá fóru menn að verða varir við orminn. Hann réðst á fólk sem fór um fljótið og grandaði mörgum.

Stundum teygði ormurinn sig upp á bakkana og gaus eitri á fólk. Stúlkan varð skelfingu lostið og hætti að þora að fara saman nefjum og loks kom hún til móður sinnar. Ormurinn og náttúran stóð.

Hvað fékk stúlkan að gjöf frá móður sinni?

- ☐ Hring úr silfri
- ☐ Eymalokka úr silfri
- ☐ Hring úr gulli
- ☐ Armband úr gulli

Yfirfara

Næsta spurning

Spurning 1 af 7.

5 ★

Uppruni álfa og huldufólks

Einhverju sinni kom Guð almáttugur til Adams og Evu. Fögnuðu þau honum vel og sýndu honum allt sem þau áttu innanstokks. Þau sýndu honum líka börnin sín og þótti honum þau efnileg. Hann spurði Evu hvort þau ættu ekki fleiri börn. Hún kvað nei við. En svo stóð á að Eva var ekki búin að þvo sumum börnunum og vildi ekki láta Guð sjá þau og skaut þeim því undan. Þetta vissi Guð og segir: „Það sem á að vear hulið mér skal verða hulið fyrir mönnum.“ Þessi bön urðu nú mönnum ósjáanleg og bjuggu í holtum og hæðum, hólum og steinum.



Þaðan eru álfar komnir, en mennirnir eru komnir af þeim börnum Evu sem hún sýndi Guði. Mennskir menn geta aldrei séð álfa nema þeir vilji sjálfir. EN álfar geta séð menn og látið menn sjá sig.

(Úr bókinni Álfar og huldufólk eftir Florence Helgu og Önnu Kristínu).

Í textanum eru **þrjú sérnöfn**.


Hver eru þau?

Merktu við þrjá svarmöguleika.

- ☐ Guð
- ☐ Adam
- ☐ Mennskir
- ☐ Eva

Yfirfara

Næsta spurning



Taltímar eru skylda og þátttaka í þeim er skilyrði fyrir að fá fullt skírteini.


Kennari hittir nemendur reglulega á námstímanum í taltímum, tvisvar til fjórum sinnum í viku. Þá er einnig opinn tími einu sinni í viku þar sem nemendur geta hitt kennara og fengið aðstoð eða frekari útskýringar við verkefnavinnuna.

Taltímarnir fara fram á GotoMeeting sem er lokað spjallkerfi á netinu og er nemendum að kostnaðarlausu.

Þar hitta nemendur aðra nemendur á

námskeiði og takast á við fjölbreytt talverkefni undir handleiðslu kennara. Hægt er að taka þátt í tölvu eða í síma eftir því hvað hentar nemendum hverju sinni.

Hvað er þetta?



Þá er ýmis skemmtun, s.s. Kahoot o.fl. leikir þar sem nemendur fá fjölbreytt leikjamiðað efni til að takast á við saman í taltímum.

Einnig er möguleiki á að setja nemendur saman í hólf þar sem þau vinna saman í minni hópum.

